

Í árslok gerir nefndin tillögu um skiptingu kostnaðar að öðru leyti. Náist ekki samkomulag allra aðila sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

9. gr.

Stefnt skal að því að nefndin ljúki nauðsynlegustu störfum fyrir lok núverandi kjörtímabils sveitarstjórna. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en til fjögurra ára í senn.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. ágúst 1973.

Björn Jónsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um sorphreinsun í Hafnarhreppi.

1. gr.

Hafnarhreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupþúnsins. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og heilbrigðisnefndar kaupþúnsins.

2. gr.

Sérhver húseigandi (eða leigjandi) í Hafnarhreppi er skyldugur að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu og hreinsun, sem hreppsnefnd ákveður.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorptækja.

4. gr.

Sorpið, sem sett er í sorpilátin, má vera allt venjulegt heimilissorp. Sorp, sem ekki má setja í sorppoka er: mold, mól, grjót, mykja, byggingasorp og stærri trjágreinar.

5. gr.

Ekki má setja meira sorp í pokana en svo, að auðveldlega megi loka þeim þegar skipt er um poka. Fyllsta hreinlætis skal gætt umhverfis sorppokana.

6. gr.

Pakka skal inn beittum og oddhvössum hlutum s. s. glerbrotum, áður en þeir eru settir í sorppokana.

7. gr.

Bannað er að setja eldfima vökva s. s. olíur og benzin í sorpilát, hvort sem er laust eða í umbúðum. Á haugum skal vera aðstaða til brennslu slíkra hluta.

8. gr.

Sorpilát verði losuð vikulega og bundið fyrir alla poka við losun grinda. Ekki má losa sorpilát á helgidögum, né eftir kl. 23 virka daga. Sorphreinsun skal framkvæma minnst 40 sinnum á ári.

9. gr.

Kvörtun vegna sorphreinsunar skal koma skriflega til heilbrigðisfulltrúa.

10. gr.

Minnst ein sorpgrind skal fylgja hverri fjölskyldu.

11. gr.

Hverjum íbúðareiganda ber að sjá um, að pokar yfirfyllist ekki milli tæminga.

12. gr.

Sorppokar eru afhentir einu sinni í viku á skrifstofu Hafnarhrepps. Aðrar gerðir af pokum má ekki nota.

13. gr.

Sorppokarnir skulu vera í grindum, sem hreppsnefndin hefur samþykkt. Grindurnar skulu vera á stöðum, sem aðgengilegir eru fyrir sorphreinsunarmenn, á lóð húss þess, sem þær tilheyra. Hafa skal greiðfæran stíg ca. 90 cm breiðan frá grind til endimarka lóðarinnar. Sveitarstjórn er heimilt að taka sérstakt gjald, ef sorpaðstaða er mjög óaðgengileg. Húsráðendur verða að sjá um að hafa grindurnar í góðu ásíðkomulagi og endurnýja þær, ef þörf krefur.

14. gr.

Ef sorpið er svo mikið eða í þannig formi, að ekki hæfi viðurkenndum sorpilátum skal húseigandi annast sorphreinsun eða óska þess að sveitarfélagið annist hreinsanir gegn sérstöku gjaldi.

15. gr.

Mold, möl, grjót og svipuð efni, sem ekki má setja í sorppokana skal flutt á afmarkað svæði skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar. Sama gildir um bílhrae og brotajárn.

16. gr.

Fyrirferðarmiklum, en brennanlegum úrgangi, svo sem umbúðum og því um líku, skulu forsvarsmenn heimila og atvinnurekstra koma á sorphreinsunarbíl, þegar hreinsun fer fram, eða í sorphaugastað, skv. nánari fyrirmælum sveitarstjórnar.

17. gr.

Auka hreinsun skal fara fram á hverju vori, svo húseigendur geti losnað við allt sorp, sem fellur til, við venjulega lóðhreinsun að vori. Þessi hreinsun skal sérstaklega auglýst.

18. gr.

Hreinsa skal oftast en vikulega frá hótélum og matsölustöðum, ef þörf krefur, en sérstakt gjald komi þá fyrir. Aukahreinsun skal vera milli jóla og nýárs.

19. gr.

Sorphreinsunarmönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka.

20. gr.

Öll sorpbrennsla er óheimil.

21. gr.

Kostnaður við almenna sorphreinsun og sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sveitarstjórn er þó heimilt að innheimta með fasteignagjöldum hvers árs, áætlað kostnaðarverð þeirra sorppoka, sem viðkomandi fasteignir eyða á árinu.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við að lögum. Með brot á reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps, staðfestist hér með, skv. lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. ágúst 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

S A M Þ Y K K T**um sorphreinsun í Bolungarvík.**

1. gr.

Hólshreppur sér um sorphreinsun frá öllum fasteignum á skipulögðu svæði kaupsins (Bolungarvík). Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar Bolungarvíkur.

2. gr.

Sorp skal sett í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir, en aðrar gerðir poka má ekki nota. Undir pokana skal nota sérstakar grindur, sem komið skal fyrir í sérsmíðuðum skápum.

3. gr.

Húseigendur bera allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi sorpgrinda og sorp-skápa. Hafa skal greiðfæran stíg að sorpkassa ca. 90 cm breiðan.

4. gr.

Við hvert hús skal vera a. m. k. einn skápur fyrir hvert heimili, en að öðru leyti miðast fjöldi skápa við það, að sorppokar yfirfyllist ekki milli tæminga.

5. gr.

Ef nauðsyn krefur t. d. vegna stórhátíðar eða ef vænta má stöðvunar á sorphreinsun, þá geta húseigendur fengið aukapoka eftir þörfum í áhaldahúsa hreppsins.

6. gr.

Sorphreinsun fer ekki fram á helgidögum eða eftir kl. 23 á virkum dögum.

7. gr.

Sorphreinsun skal framkvæmd vikulega og ekki sjaldnar en 40 sinnum á ári.